

Nd.

388. Frumvarp

til laga um heimild fyrir bæjar- og sveitarstjórnir til að skylda unglunga til sundnáms.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Í kaupstöðum eða sveitum, þar sem sund er kent á kostnað hins opinbera, skal bæjar- og sveitarstjórnnum heimilt með reglugerð, er stjórnarráðið staðfestir, að gera öllum heimilisföstum unglungum frá 12—16 ára að aldri innan síns umdæmis skylt að stunda sundnám alt að 4 mánuðum samtals. Þó skal jafnan undanþiggja þá unglunga sundnámsskyldu, sem að dómi sundkennara eru sæmilega syndir, ef þess er óskað.

2. gr.

Undanþegnir sundnámsskyldu skulu þeir, sem sanna með læknisvottorði, að þeir megi ekki stunda sundnám sökum heilsubrests.

3. gr.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.